

10. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfraðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

Artikkel 10

Partene skal løpende utveksle statistikk om loddefangstene.

11. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknnum á loðnustofninum.

Artikkel 11

Partene skal samarbeide om gjennomføring av vitenskapelig forskning vedrørende loddebestanden.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

Artikkel 12

Partene skal møtes minst en gang i året, vekselvis i hvert av de tre land, for å drøfte gjennomføringen av avtalen. Partene skal konsultere vedrørende iverksettelse av bevaringstiltak, inklusive forslag om stenging av områder for å beskytte loddeyngel.

13. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1992 til og með 30. apríl 1994.

Artikkel 13

Avtalen skal gjelde for sesongene fra og med 1. juli 1992 og til og med 30. april 1994.

Kaupmannahöfn, 25. júní 1992

København, den 25. juni 1992

Ingvi Ingvarsson
Fyrir Island

Ingvi Ingvarsson
For Island

Thomas J. Ronneng
Fyrir Noreg

Thomas J. Ronneng
For Norge

Lars Emil Johansen
Fyrir Grænland/Danmörku

Lars Emil Johansen
For Grønland/Danmark

AUGLÝSING

um gildistöku Evrópusamnings um vernd dýra í millilandaflutningum.

Evrópusamningur frá 13. desember 1968 um vernd dýra í millilandaflutningum öðlaðist gildi 20. febrúar 1971, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1969, þar sem samningurinn er birtur, 8/1986 og 36/1991.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.